

Kennsluáætlun

Markmið

Markmið áfangans er að nemendur kynnist helstu viðfangsefnum og kenningum innan rekstrarhagfræðinnar. Rifjuð verða upp helstu atriði framboðs og eftirspurnar og jaðarfræða. Fjallað verður um skilvirkni og velferð, nytjar og nytjaföll, framleiðslu og framleiðsluföll, kostnað og kostnaðarföll sem og aðferðir við afkomumælingar. Einnig verða einkenni mismunandi markaðsforma og samkeppni á markaði tekin fyrir.

Undanfari áfangans er grunnáfangi í hagfræði, Hagf2ha05.

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar á:

- Markaðsöflunum, skilvirkni og velferð
- Nytjum og nytjaföllum
- Teygni eftirspurnar og framboðs
- Kostnaðarföllum fyrirtækja og kostnaðargreiningu
- Framleiðslu og framleiðsluföllum
- Mismunandi markaðsformum og samkeppni á markaði
- Háþögnun hagnaðar
- Jaðarfræðum

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni til að:

- Fjalla um grunnhugtök rekstrarhagfræðinnar á skýran hátt
- Taka þátt í umræðum um afmörkuð og einföld rekstrarhagfræðileg viðfangsefni
- Beita aðferðum rekstrarhagfræðinnar á einföld viðfangsefni og geti beitt einföldum útreikningum
- Tengja hugmyndir rekstrarhagfræðinnar við raunverulegan rekstur og framleiðslu fyrirtækja

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu sem hann hefur aflað sér til að:

- Gera sér grein fyrir hlutverki rekstrarhagfræðinnar í rekstri fyrirtækja og á markaði
- Afla sér frekari þekkingar á þeim viðfangsefnum sem nám í áfanganum byggist á.

Námsbækur:

Rekstrarhagfræði fyrir framhaldsskóla. Helgi Gunnarsson, 2011.

Rekstrarhagfræði fyrir framhaldsskóla. Vífill Karlsson, 2019.

Skipulag áfangans

Í þessum áfanga verður skipulag og vinna í anda leiðsagnarmats (e. *formative assessment*) og verður áhersla lögð á ábyrgð nemanda á framvindu eigin náms. Hefðbundnar einkunnir eru ekki gefnar fyrir verkefni sem lögð verða fyrir á önninni en nemendur fá endurgjafir í formi umsagna. Umsagnir falla í þrjá flokka:

Stenst ekki lágmarkskröfur - ennþá: Nemandi þarf að vinna áfram með verkefnið.

Kominn áleiðis: Nemandi þarf að betrumbæta verkefnið.

Gengur vel: Undir nemanda komið hvort hann vinnur meira með verkefnið.

Endurgjöf á að endurspegla stöðu nemanda og nemandi og á ekki að velkjast í vafa um framvindu náms. Nemandi ber sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með framvindu í áfanganum.

Námsmat:

Áfanginn er símatsáfangi án hefðbundins lokaprófs. Áhersla er lögð á að nemendur taki virkan þátt í kennslustundum. Á önninni verða lögð fyrir 3 próf sem gilda 100%.

Próf 1 verður lagt fyrir 11. febrúar

Próf 2 verður lagt fyrir 20. mars

Próf 3 verður lagt fyrir 8. maí

Sérreglur áfangans

Nemandi skal ná lágmarkseinkunn 4,5 að meðaltali úr hlutum námsmats til að standast áfangann. Nemandi sem ekki kemst í próf vegna **veikinda** eða **leyfa frá skóla** (V, W eða L skráð í kladda) gefst kostur á að taka viðkomandi próf í lok annar. Engar undanþágur verða gefnar frá þessu. Um próf í lok annar gilda reglur skólans um sjúkrapróf. Mæti nemandi ekki í próf fær hann einkunnina 0.

Með fyrirvara um breytingar á önninni.

Kennari: Þórey Hilmarsdóttir tho@fsu.is